

Umsögn:

1. Það er brot á mannréttindum barna, að svipta barn foreldri á þann hátt sem frumvarpið leggur til. (Sjá Barnasáttmála SP, MSE, Istanbulsáttmálann o.fl.)

2. Nýjar rannsóknir, sem eru raunar á byrjunarstigi í Noregi og Danmörku, benda til að rekja megi sjálfsvíg mikils hluta ungmenna, er fremja sjálfsvíg til þess, að þau hafi verið svipt foreldri/móður tímabundið í bernsku/ frumbersku. Svo og er sláandi hversu oft ungmenni, sem fremja sjálfsvíg hafa orðið að flytja vikulega milli foreldra. Börnin hafa þannig aldrei fengið tækifæri til að festa rætur neins staðar. Þjást af rótleysi alla ævi. Unirrituð þekkir dæmi á Íslandi, Noregi og í Dk.

3. Danir eru að mestu leyti hættir að nota þessa fangelsunaheimild, vegna skaðvænlegra áhrifa á börnin og að lögín eru brot á mannréttindum. Að fangelsa foreldri barns er meira ofbeldi geng barni en nokkrum öðrum. Að fangelsa foreldri barns er eltihrelling með aðstoð yfirvalda (Stalking by proxy). „Stalking“ hefur verið bönnuð með lögum um árabíl um allan hinn vestræna heim, í USA, td. með „Federal laws“ síðan 1999.

4. Undirrituð þekkir vel til mála tveggja fjölskyldna, kvenna, sem hafa verið fangelsaðar í Dk. vegna meintra tálmana, 2010 og 2012. Þær eiga 6 börn. Börn eru nú flest orðin sjálfráða og/eða lögráða. Undirrituð, tók vegna beiðni um þessa umsögn nú, stutt viðtöl við börnin. Það var sláandi hversu mikla andúð börnin höfðu gegn foreldrinu, sem krafðist fangelsunar. Börnin umgangast það foreldri lítið eða alls ekki að eigin ósk.

5. Það er ámælisvert, að þingmenn skuli nota tíma, fjármagn og krafta þingsins til að leggja fram frumvarp, sem ekki stenst alþjóðalög og samninga, sem Ísland er aðili að.

6. Að lokum vil ég vísa til bréfs, sem dóttir einnar fangelsaðrar ísl. móður í Dk. sendi alþingismönnum fyrir nokkru sem umsögn um samhljóða frumvarp.

Með vinsemd og virðingu.

F.h. Íslandsdeildar alþjóðasamtaka gegn ofbeldi.

Þórey Guðmundsdóttir